

**Umsögn dómnefndar**  
samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla  
um umsækjanda um embætti varadómanda við  
Endurupptökudóm samkvæmt auglýsingu  
í Lögbirtingablaði 28. febrúar 2025

Reykjavík, 30. apríl 2025

## EFNISYFIRLIT

1. Inngangur.....	2
2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á .....	2
3. Málsmeðferð dómnefndar .....	4
4. Almennar upplýsingar um umsækjandann.....	5
5. Mat á hæfni umsækjandans .....	7
5.1. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi.....	7
5.2. Menntun og framhaldsmenntun.....	8
5.3. Reynsla af dómstörfum.....	8
5.4. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum .....	8
5.5. Reynsla af stjórnsýslustörfum .....	8
5.6. Reynsla af fræðistörfum o.fl. .....	8
5.6.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf.....	8
5.6.2. Fræðistörf .....	9
5.7. Reynsla af stjórnun .....	9
5.8. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. ....	9
5.9. Sérstök starfshæfni.....	9
6. Færni til að semja dómsúrlausnir .....	10
7. Niðurstaða dómnefndar .....	10

## **1. Inngangur**

Með bréfi 19. mars 2025 fór dómsmálaráðuneytið þess á leit við dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjanda um embætti varadómanda við Endurupptökudóm. Embættið var auglýst laust til umsóknar í Lögbirtingablaði 28. febrúar 2025.

Ein umsókn barst ráðuneytinu frá Tómasi Hrafni Sveinssyni, lögfræðingi og formanni Umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur.

Samkvæmt 3. gr. reglna nr. 970/2020 um störf dómnefndar lætur dómsmálaráðherra staðreyna að umsækjendur uppfylli öll hin almennu hæfisskilyrði embættanna sem auglýst hafa verið laus til umsóknar. Niðurstaða ráðuneytis dómsmála var sú að fyrrgreindur umsækjandi uppfyllti þau skilyrði.

Umsögn dómnefndar fer hér á eftir.

## **2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á**

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 skal dómnefnd láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti dómara. Samkvæmt lögnum skal í umsögninni tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Págildandi lögum nr. 15/1998 um dómstóla var breytt með lögum nr. 45/2010. Í athugasemdum við þá málsgrein síðargreindu laganna, er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, sbr. nú 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016, segir m.a. svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnsýslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan

hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðirita, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf dómnefndar. Dómsmálaráðherra hefur sett reglur nr. 970/2020 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti, en þær komu í stað eldri reglna um sama efni, nr. 620/2010. Í 4. gr. hinna nýju reglna er á sama hátt og í 4. gr. þeirra eldri fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á. Þar segir m.a.: „Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnraði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnaalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi ... Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórnsýslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám ... Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi ... Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti ... Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi ... Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um

að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breytingu á lögum nr. 15/1998, er áréttar að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnsýslulögum nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Enn fremur er þar minnt að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvárdanir um skipun og starfsframa dómara skuli byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi.

Dómnefnd hefur áður fjallað um í umsögnum sínum hvaða merkingu beri að leggja í þau ummæli 4. gr. reglnanna „að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu“ og tekið fram að þetta matsviðmið sé ekki einfalt í meðfórum. Einnig að fjölbreytt starfsreynsla umsækjanda geti aukið lögfræðilega þekkingu hans, en slíkt sé þó ekki endilega raunin. Sú ályktun hefur verið dregin af athugasemdum með frumvarpi, er varð að lögum nr. 45/2010, að megináhersla sé þar lögð á lögfræðilega þekkingu umsækjandans. Með fjölbreyttri starfsreynslu sé átt við fjölbreytileika starfa, sem umsækjendur hafa sinnt, en ekki síður hve verkefnin, sem þeir hafa fengist við, séu fjölbreytileg í þeim skilningi að þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá skiptir lögfræðileg þekking umsækjanda ekki máli, ein og sér, þegar mat er lagt á hæfni hans til að gegna embætti dómara í samanburði við aðra umsækjendur, heldur er einnig nauðsynlegt, eftir því sem tök eru á, að meta færni hans til að nýta þá þekkingu við úrlausn dómsmála.

### 3. Málsmeðferð dómnefndar

Dómnefndina skipuðu eftirtaldir við meðferð máls þessa: Ása Ólafsdóttir, formaður, Helga Melkorka Óttarsdóttir, Jóhannes Sigurðsson, Reimar Pétursson og Þorgeir Örlygsson. Umsækjandanum var sent tölvubréf 21. mars síðastliðinn þar sem

óskar var eftir því að hann gerði athugasemdir við sérstakt hæfi framangreindra nefndarmanna teldi hann einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu fram athugasemdir við sérstakt hæfi þeirra.

Fyrsti fundur dómnefndar var haldinn 21. mars 2025.

Í framangreindri auglýsingu frá 28. ferbrúar 20225 var meðal annars áskilið að fram kæmu í umsóknum um dómaraembættin upplýsingar um two fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Á grundvelli 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020 sendi dómnefnd spurningalista til þeirra sem umsækjandinn hafði gefið upp sem umsagnaraðila. Honum var síðan veitt færi á að tjá sig um svör þeirra og hafði nefndin hliðsjón af þessum umsögnum við mat sitt, svo sem nánar verður vikið að í kafla 5.1. hér á eftir.

Samkvæmt 8. gr. reglna nr. 970/2020 var umsækjandanum send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfi 28. apríl 2025, þar sem honum var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til 5. maí sama ár. Umsækjandinn upplýsti með tölvubréfi 29. apríl 2025 að hann gerði engar athugasemdir við fyrirliggjandi drög að umsögn dómnefndar og voru engar breytingar gerðar á þeim.

#### **4. Almennar upplýsingar um umsækjandann**

Hér á eftir verður gerð grein fyrir menntun og reynslu umsækjandans, en 5. og 6. kafli hafa að geyma mat dómnefndar á hæfni hans á grundvelli þeirra megin-sjónarmiða sem reifuð voru í 2. kafla. Upplýsingarnar í þessum kafla eru fyrst og fremst byggðar á umsókn og þeim gögnum sem hann lét dómnefnd í té. Ekki er greint frá öllu því sem umsækjandinn hefur talið þar upp heldur getið helstu starfa og viðfangsefna er hann hefur sinnt.

*Tómas Hrafn Sveinsson* er fæddur 3. september 1980 og er því 44 ára. Hann útskrifaðist með embættispróf frá lagadeild Háskóla Íslands í júní 2006, öðlaðist málflutningsréttindi sem héraðsdómslögmaður í maí 2007 og leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands í nóvember 2013. Þá hlaut hann réttindi sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali 2016 og lauk diplómanámi í góðum stjórnarháttum frá

rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands sama ár. Að auki hefur hann sótt nokkur námskeið um lögfræðileg efni.

Að loknu laganámi 2006 hóf umsækjandinn störf á Landslögum lögfræðistofu ehf. og starfaði þar fram til febrúar 2013. Hann var meðeigandi Málflutningsstofu Reykjavíkur ehf. frá þeim tíma og fram í nóvember sama ár en þá hóf hann störf hjá Bonafide lögmönnum slf. og starfaði þar í eitt ár. Hann starfaði hjá LMB lögmönnum slf. í um þrjú ár frá 2014 til 2017, þar af sem meðeigandi í rúm tvö ár. Þá var hann sjálfstætt starfandi lögmaður í fimm ár frá 2017 til 2022.

Umsækjandinn var formaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur meðfram lögmannsstörfum frá nóvember 2015 til ársloka 2022 og formaður Umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur í fullu starfi frá 1. janúar 2023. Hann var varaformaður kærunefndar útlendingamála frá janúar 2021 til maí 2023 og stjórnarformaður Menntasjóðs námsmanna frá febrúar 2025. Einnig hefur hann verið varamaður í mannanafnanefnd frá 2018. Þá var umsækjandinn oddviti yfirkjörstjórnar í borgarstjórnarkosningum 2014 og sat í yfirkjörstjórn vegna forsetakosninga 2016 og 2022, vegna alþingiskosninga 2016, 2018 og 2024 og vegna borgarstjórnarkosninga 2018 og 2022.

Umsækjandinn var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands frá 2009 til 2013 og hefur verið aðjúnkt við sömu deild frá 2013. Hann hefur einkum kennt á sviði bótarettar en einnig á sviði vátryggingaréttar og í Inngangi að lögfræði. Þá hefur hann leiðbeint nemendum við ritun B.A.- og meistararitgerð á sviði bótarettar auk þess að hafa verið prófdómari í einni B.A-ritgerð og þremur meistararitgerðum á sama sviði. Umsækjandinn kenndi einnig á löggildingarnámskeiði fyrir fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands árið 2014 til 2015 og hefur flutt nokkra fyrirlestra og erindi um lögfræðileg málefni. Hann hefur ritað fjórar tímaritsgreinar á sviði lögfræði og eru tvær þeirra ritrýndar, þar af er ein rituð með meðhöfundi. Þá hefur hann komið að gerð nokkurra frumvarpa, þar á meðal frumvarps til nýrra barnaverndlaga ásamt sérfræðingahópi á vegum félags- og barnamálaráðuneytis.

## **5. Mat á hæfni umsækjandans**

### **5.1. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi**

Í 2. mgr. 13. gr., sbr. 4. mgr. 54. gr. laga nr. 50/2016 er í átta töluliðum mælt fyrir um þau almennu hæfisskilyrði sem umsækjendur um embætti dómenda og varadómenda við Endurupptökudóm þurfa að uppfylla til að skipa megi þá í embættin. Meðal þessara skilyrða eru að umsækjandi sé svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu, sbr. 3. tölul. 2. mgr. 13. gr., hafi ekki sýnt af sér háttsemi, sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta, sbr. 5. tölul., hafi lokið embættisprófi eða grunnnámi ásamt meistaraprófi í lögum, sbr. 6. tölul. og kafla 5.2 hér á eftir, og teljist vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar, sbr. 8. tölul. Eins og áður greinir hefur ráðherra samkvæmt 3. gr. reglna nr. 970/2020 látið staðreyna að umsækjandinn uppfylli öll þessi hæfisskilyrði.

Í 3. tölulið 4. gr. reglnanna kemur fram að við mat á almennri starfshæfni skuli dómnefnd líta til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá segir einnig að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Ennfremur er tekið fram í 5. tölulið 4. gr. að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð, bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Svo sem áður greinir var meðal annars áskilið í auglýsingu um embættið að fram kæmu í umsóknum upplýsingar um two fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munmlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Þær umsagnir, sem nefndin aflaði hjá þessum umsagnaraðilum um störf umsækjandans og persónulega eiginleika hans, voru jákvæðar í hans garð.

Af þessum umsögnum og athugunum nefndarinnar verður ráðið, eins og áður er fram komið, að umsækjandinn uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður til starfshæfni varadómanda við Endurupptökudóm samkvæmt 3. og 5. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020.

## **5.2. Menntun og framhaldsmenntun**

Umsækjandinn lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2006 og diplómanámi í góðum stjórnarháttum frá rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands 2016. Þá hefur hann sótt ýmis símenntunarnámskeið hérlandis.

## **5.3. Reynsla af dómstörfum**

Umsækjandinn hefur ekki fengist við dómstörf.

## **5.4. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum**

Umsækjandinn öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2007 og fyrir Hæstarétti 2013. Hann starfaði sem lögmaður í um 15 ár, þar af sem sjálfstætt starfandi lögmaður í um átta ár, ýmist einn eða sem meðeigandi á lögmannsstofu, og hefur flutt mál á öllum dómstigum.

## **5.5. Reynsla af stjórnsýslustörfum**

Umsækjandinn var formaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur meðfram lögmannsstörfum frá nóvember 2015 til ársloka 2022 og formaður Umdæmirsáðs Barnaverndar Reykjavíkur að aðalstarfi frá 1. janúar 2023. Hann var varaformaður kærunefndar útlendingamála frá janúar 2021 til maí 2023 og hefur setið sem formaður stjórnar Menntasjóðs námsmanna frá febrúar 2025. Þá var umsækjandinn oddviti yfirkjörstjórnar í borgarstjórnarkosningum 2014 og hefur setið í yfirkjörstjórn vegna forseta-, alþingis- og borgarstjórnarkosninga hin síðustu ár.

## **5.6. Reynsla af fræðistörfum o.fl.**

### **5.6.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf**

Umsækjandinn hefur sinnt kennslu á háskólastigi í um 16 ár. Hann var stundakennari í bótarétti við lagadeild Háskóla Íslands á árunum 2009 til 2013 en

hefur verið aðjúnkt við deildina frá 2013 og einkum kennt bótarétt í grunnámi. Hann hefur verið leiðbeinandi við ritun B.A.- og meistararitgerða og verið prófdómari lokaritgerða. Þá kenndi hann á löggildingarnámskeiði fyrir fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands 2014-2015.

#### **5.6.2. Fræðistörf**

Umsækjandinn hefur ritað tvær ritrýndar greinar, aðra þeirra ásamt meðhofundi. Þá hefur hann ritað tvær tímaritsgreinar að auki um lögfræðileg málefni og flutt nokkra fyrirlestra og erindi um lögfræði.

#### **5.7. Reynsla af stjórnun**

Umsækjandinn hefur nokkra reynslu af rekstri lögmannsstofa, var formaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur um nokkurra ára skeið og formaður Umdæmirsáðs barnaverndar Reykjavíkur frá byrjun árs 2023. Hann var varaformaður kærunefndar útlendingamála í rúm tvö ár þar af starfandi formaður um tíma. Þá hefur hann verið formaður stjórnar Menntasjóðs námsmanna frá því í febrúar 2025.

#### **5.8. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.**

Umsækjandinn hefur komið að gerð nokkurra frumvarpa og nefnir í umsókn sinni sem dæmi frumvarp til nýrra barnaverndarlaga, frumvarp um bætur vegna sakamála fyrir dómsmálaráðuneyti vorið 2020 og frumvarp um tollamál fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti á haustmánuðum 2017. Þá hefur hann verið í laganeftnd Hjólreiðasambands Íslands frá árinu 2020.

#### **5.9. Sérstök starfshæfni**

Í 4. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020 segir m.a. að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfari á valdi sínu. Einnig verði hann að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál, sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

Hvað þennan þátt mats varðar hefur umsækjandinn greint frá störfum sem geta fallið hér undir. Að mati dómnefndar skiptir einkum máli, þegar lagt er mat á hvort umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfari á valdi sínu, hver sé reynsla hans af dóms- og málflutningsstörfum og hvert sé framlag hans í formi kennslu og fræðiskrifa á sviði réttarfars sem og aðkoma hans að samningu lagafrumvarpa á því sviði.

Það er álit dómnefndar að umsækjandinn hafi með námi sínu og störfum öðlast nægilegt vald á réttarfarsreglum til að geta sinnt störfum varadómanda við Endurupptökudóm. Með tilliti til þeirra starfa sem hann hefur gegnt á liðnum árum lítur dómnefnd eining svo á að hann sé hæfur til að stjórna þinghöldum af röggsemi og sanngirni og muni afgreiða þau mál, sem honum eru fengin, bæði skjótt og vel.

## **6. Færni til að semja dómsúrlausnir**

Í 4. gr. reglna nr. 970/2020 er m.a. vísað til þess að umsækjandi um embætti dómara þurfi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og máli skipti hvort hann hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi, svo og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Ennfremur að hann geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Eftir því sem umsækjandi hefur tileinkað sér betur þessi atriði, þeim mun færari er hann um að kveða upp dóma eða úrskurði.

Dómnefnd hefur farið yfir málflutningsskjöl, úrskurði sjálfstæðrar stjórnsýslunefndar og ritrýndar fræðigreinar umsækjandans. Nefndin lítur svo á að hann hafi með þessum framlögum sínum sýnt fram á að hann sé fær um að semja dómsúrlausnir á borð við úrskurði Endurupptökudóms.

## **7. Niðurstaða dómnefndar**

Að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 970/2020. Sjónarmiðin hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið úrslitum. Niðurstaða dómnefndar er byggð á heildstæðu og, eftir því sem kostur er, hlutlægu

mati á verðleikum umsækjanda og skiptir þar mestu máli að hann hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni.

Þegar litið er til þeirra matsþátta, sem fjallað er um í kafla 5 og færni umsækjandans til að semja dómsúrlausnir sem metin er í kafla 6, er það niðurstaða dómnefndar að Tómas Hrafn Sveinsson sé hæfur til að gegna embætti varadómanda við Endurupptökudóm.

Tómas Hrafn Sveinsson öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir héraðsdómi árið 2007 og fyrir Hæstarétti árið 2013. Þá hlaut hann réttindi sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali 2016 og lauk diplómanámi í góðum stjórnarháttum frá rannsóknarmiðstöðum stjórnarhætti við Háskóla Íslands sama ár. Árin 2007 til 2022 starfaði hann sem lögmaður og flutti mál á öllum dómstigum. Þá var hann formaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur meðfram lögmannsstörfum frá nóvember 2015 til ársloka 2022 og formaður Umdæmirsáðs Barnaverndar Reykjavíkur í fullu starfi frá 1. janúar 2023. Af öðrum störfum má nefna að hann var varaformaður kærunefndar útlendingamála frá janúar 2021 til maí 2023, stjórnarformaður Menntasjóðs námsmanna frá febrúar 2025 og var varamaður í mannanafnanefnd frá 2018. Þá hefur hann verið oddviti yfirkjörstjórnar og setið í yfirkjörstjórn. Hann var einnig stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands frá 2009 til 2013 og aðjúnkt við sömu deild frá 2013 auk þess að sinna öðrum kennslustörfum og leiðsögn við ritun námsritgerða.

Ályktarorð:

Með skírskotun til 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla er það niðurstaða dómnefndar að Tómas Hrafn Sveinsson sé hæfur til að hljóta skipun í embætti varadómanda við Endurupptökudóm sem auglýst var laust til umsóknar 28. febrúar 2025.

Reykjavík, 30. apríl 2025

(*Ása Ólafsdóttir*)  
Ása Ólafsdóttir

*Helga Melkorka Óttarsdóttir*  
Helga Melkorka Óttarsdóttir

*Jóhannes Sigurðsson*  
Jóhannes Sigurðsson

*Reimar Pétursson*  
Reimar Pétursson

*Porgeir Örlygsson*  
Porgeir Örlygsson